

# Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space

gímaldin:

*Handritin brennd heim*

30.3 – 14.4 2024

## MANIFESTO

Í öllu sæfæ, og annarri list sem fjallar um nýja eða framtíðartækni, örlar á tvíbentri afstöðu gagnvart umfangsefninu – jafnvel hatri, grimmd og hefnigirni (sem er ákaflega sérstætt gagnvart einhverju sem er ekki til). Nægir að nefna 4 helstu sæfæ séríur allra tíma, Star Wars, Blade Runner, Alien, Terminator – hvar í þeirri fyrstu snýst öll atburðarásinn um að láta áhorfandann njóta hinna verstu aðstæðna sem aðalpersónur sögunnar, tvö róböt, geta lent í – og jafnvel óska þeim æ verri og verri örlagna. Í Blade snýst öll sagan um að elta upp androidin og láta þau draga sig í hlé, einsog þar er orðað, en með sem mestum ofsa og ofbeldi. Í fyrstu Alien er gervimennið vissulega illt og siðferðislega verjandi að njóta þeirra skelfilegu örlagna sem það hlýtur en í númer 2 er spúffað með „company men/jakkaföt“ sem hafa hvorki samvisku, siðferði né hjarta og eru hin raunverulegu róböt – meðan gervimennið hefur augljóslega meira innvols, í orðsins fyllstu merkingu, en það breytir því ekki að þú heldur með og klappar fyrir xenomorph þegar hún tætir það í sundur. Eins er spúffað með hverfuleika feðraveldisins í Terminator 1 og 2 – og helber með það vonbrigði einstæðu móðurinnar þegar hún reynir að deita, og aftur í næstu þegar hún bókstaflega segir að karlmenn endist aldrei en sæborginn sé alltaf og ævinlega til staðar. Það breytir þó engu um að hápunktur myndanna er alltaf einhverskonar tortíming tæknimennisins.

Þessi nautn yfir illum örlögum vélmenna í Star Wars er svo augljós að það eru bókstaflega endurteknar senur þarsem verið er að pynta þau – í Clone Wars birtast oft persónur sem hafa ekki hreina hjartað Skywalker-klansins, og fordómaleysið og nota vélmenni sem skotmörk til að æfa sig á, og virðast njóta þess þeim meira sem vélmennum líður verr yfir því eða sýna merki áfallatráma.

Í Spielberg og AI er vélmennið orðið að barni sem er svo ópolandi að þú óskar því að hverfa en þú kennir samt í brjósti um það, og þú hatar þig fyrir að hata barnið.

Komum þá að gerfigreind sem einhver virðast ávallt vera tilbúin að þróa og reyna að bæta, þótt meirihlutaorðræðan sé henni alltaf mjög fjandsamleg. Ef þú gerir lágmarks athugun á umræðu um gervigreind í þínu nánasta umhverfi, sérðu óhjákvæmilega að það hlakkar í flestum þegar lýsa vonbrigðum sínum með þessa nýju tækni. Þetta er meiraðsegja svo algert og algilt að það læðist að manni grunur um að tækni sé frumsett fyrst og fremst til að þjóna þessari lágkúrulegu þörf okkar fyrir að sjá henni mistakast, skemmast og eyðileggjast.

Það má auðveldlega finna dæmi líka í myndlist og mússikk – sbr umræðu um notkun þrívíddartölvuteikninga eða allra nýlegast hreina gervigreindar myndlist – eða 90 ára gamlir lampamagnarar versus símúlatorar, analóg syntar eða öpp. Setjast á skólabeck og læra mússikk þeoríu eða bara láta símann velja saman hljóma og línur. Mörg dæmin eru samt full tæknileg til að vera að eyða miklu púðri í þau hér.

En þetta er heldur ekki einháð tækni sem byggir á gerfigreind, þú sérð alveg sömu áherslur í umræðu um rafmagnsbíla – eitthvað heyrði ég um félagsskap þarsem fólk fer saman með nýkeypta dróna og reynir að fljúga þeim í einhverjar aðstæður þarsem þeir skemmast og eyðileggjast. Sum muna eftir vinsælum myndböndum af eyðileggingum Iphone-síma. Þetta er útum allt.

Ef vel er að gáð má sjá eitthvað þessu líkt í verkinu sem hér er sýnt. Það er búið að velta talsvert mikilli ábyrgð á nokkur lítil og einföld forrit, af fullri meðvitund um að meiri líkur séu en minni að eitthvað muni undan láta. Og listamaðurinn mun að sjálfsögðu kenna tækninni um, og jafnvel segja til marks um að enn sé langt í land með þessa nýju tækni. En er það ástæðan fyrir kvalarlostanum, hefnigirninum og meinfýsninni? Viljum við að þessi tækni sé alltaf í framtíðinni og aldrei hér og nú fyrir okkur að mæta henni?

Sérstakur tækniráðgjafi, guðfaðir gerfigreindar og vandamálaskjótur tæknilausna sem virka er Pröstur Jónasson.